

## REGLUGERÐ

**um fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks fyrir árið 2015 samkvæmt  
lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.**

### 1. gr.

Fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna skulu vera sem hér segir fyrir árið 2015:

- a. Hámarksfjárhæð skv. 3. mgr. 11. gr. laganna skal nema 650.946 kr. á mánuði.
- b. Greiðsla til foreldris í námi skv. 14. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna skal nema 182.586 kr. á mánuði.
- c. Grunngreiðsla skv. 1. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna skal nema 182.586 kr. á mánuði.
- d. Barnagreiðslur skv. 1. mgr. 21. gr. laganna skulu nema 26.863 kr. á mánuði.
- e. Sérstakar barnagreiðslur skv. 1. mgr. 21. gr. laganna skulu nema 7.777 kr. á mánuði vegna tveggja barna og 20.219 kr. á mánuði vegna þriggja barna.
- f. Frítekjumark skv. 2. mgr. 22. gr. laganna skal vera 62.921 kr. á mánuði.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 10. mgr. 11. gr., 3. mgr. 16. gr., 4. mgr. 20. gr., 4. mgr. 21. gr. og 2. mgr. 22. gr., sbr. 31. gr. laga nr. 22/2006, um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2015. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1217/2013, um fjárhæðir greiðslna og frítekjumarks fyrir árið 2014 samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

*Velferðarráðuneytinu, 19. desember 2014.*

**Eygló Harðardóttir**  
félags- og húsnæðismálaráðherra.

*Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 30. desember 2014